



SUMMA

Reglur um hæfi lykilstarfsmanna

Samþykkt af: Stjórn Summu Rekstrarfélags hf.

Samþykkt: 20. júní 2024

1. Almenn ákvæði

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna.

Tilgangur þessara reglna er að stuðla að heiðarleika og heilindum lykilstarfsmanna í starfi hjá Summu Rekstrarfélagi hf. (hér eftir „**Summa**“ eða „**félagið**“). Þeim er einnig ætlað að efla traust og tiltrú á félaginu og jafnframt að takmarka áhættu á því að orðspor félagsins bíði hnekki út á við.

2. Gildissvið

Reglur þessar gilda um alla lykilstarfsmenn félagsins eins og það hugtak er skilgreint í 7. tölulið 1. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, þ.e.: starfsmaður, annar en framkvæmdastjóri, sem stöðu sinnar vegna getur haft veruleg áhrif á stefnu félagsins.

Framkvæmdastjóri og forstöðumenn hjá félaginu teljast til lykilstarfsmanna en stjórn félagsins ákveður annars hvaða starfsmenn félagsins teljist til lykilstarfsmanna.

Haldin skal skrá um lykilstarfsmenn á hverjum tíma og er ábyrgð skráningar á höndum framkvæmdastjóra. Skráningin skal innihalda upplýsingar um hverjir teljist til lykilstarfsmanna félagsins, hvaða stöðu þeir gegna og hvers vegna þeir teljist til lykilstarfsmanna.

3. Hæfisskilyrði lykilstarfsmanna

Lykilstarfsmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, m.a. hafa þekkingu á þeirri starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar.

Lykilstarfsmenn skulu vera lögráða og hafa óflekkað mannorð.

Bú lykilstarfsmanna mega ekki hafa, á síðustu fimm árum fyrir upphaf starfa, verið tekin til gjaldþrotaskipta.

Lykilstarfsmenn skulu ekki hafa hlotið refsidóm á síðustu 10 árum vegna starfa á fjármálamarkaði eða í atvinnurekstri, eða af öðrum ástæðum sem gefa réttmætt tilefni til þess að draga úr trúverðugleika og heilindi viðkomandi í efa.

Lagt skal heilstætt mat á starfsferil lykilstarfsmanns og haft til hliðsjónar hvort hann hafi sætt rannsókn opinberra eftirlitsaðila, hvort höfðað hafi verið mál á hendur honum, hvort réttmætar kvartanir hafi beinst gegn honum vegna eftirlitsskyldrar starfsemi, hvort hann hafi verið stjórnandi fyrirtækis og hvort honum hafi verið sagt upp störfum vegna starfa sinna. Metið skal heildstætt með tilliti til rekstrar- og orðsporsáhættu félagsins hvort fyrri háttsemi starfsmanns sé til þess fallin að draga megi í efa hæfi hans eða hvort hann muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða félagið.

Lykilstarfsmenn skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir og hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Stjórn getur veitt undanþágu frá menntunarkröfum á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi.

Lykilstarfsmenn mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur efni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða félagið.

Í einstökum málum sem varða lykilstarfsmenn getur stjórn félagsins vikið frá einhverjum þessara reglna enda telji hún að hagsmunum félagsins sé best borgið með þeim hætti.



SUMMA

Auk framangreindra skilyrða skal höfð hliðsjón af hæfisskilyrðum fyrir stjórn og framkvæmdastjóra sem kveðið er á um í viðeigandi lögum.

Verði breytingar á högum viðkomandi starfsmanns sem kunna að hafa áhrif á mat á hæfi hans samkvæmt þessari grein, ber honum skylda til að tilkynna um slíkt til framkvæmdastjóra.

4. Mat á hæfi lykilstarfsmanna

Áður en til ráðningar nýs lykilstarfsmanns kemur skal kannað hvort tilvonandi lykilstarfsmaður uppfylli formleg skilyrði, s.s. um lögræði, menntun og hreinan sakaferil.

Mat á þekkingarluta hæfisprófsins er á ábyrgð framkvæmdastjóra og regluvarðar félagsins. Hæfismatið byggir annars vegar á því að kanna þekkingu lykilstarfsmannsins og hins vegar að sannreyna að hann standist þau önnur formlegu hæfisskilyrði sem tiltekin eru í kafla 3.

5. Framkvæmd hæfismats lykilstarfsmanna

Fjármálaeftirlitið metur hæfi framkvæmdastjóra félagsins.

Framkvæmdastjóri undirbýr og metur hæfi lykilstarfsmanna í samráði við regluvörð og tilkynnir stjórn um niðurstöður mats síns og breytingar sem kunna að verða á mati á einstökum lykilstarfsmönnum.

Leiki vafi á því hvort lykilstarfsmaður uppfylli hæfisskilyrði samkvæmt reglum þessum, eða það er mat framkvæmdastjóra að hann auki rekstrar- og/eða orðsporsáhættu félagsins, skal viðkomandi ekki talinn hæfur lykilstarfsmaður og skal ekki hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu félagsins.

6. Upplýsingagjöf lykilstarfsmanns

Við mat á hæfi skal lykilstarfsmaður leggja fram upplýsingar og gögn til stuðnings því að hann standist þau hæfisskilyrði sem tiltekin eru í kafla 3 eða veiti að öðrum kosti samþykki sitt fyrir því að þeirra sé aflað. Veiti lykilstarfsmaður rangar eða villandi upplýsingar í tengslum við hæfismat félagsins getur það varðað áminningu eða uppsögn í starfi.

Breytist staða lykilstarfsmannsins á þann hátt að ætla megi að hafi áhrif á hæfi hans skal hann upplýsa framkvæmdastjóra og regluvörð sem í framhaldinu taka ákvörðun um næstu skref.

7. Niðurstöður hæfismats

Framkvæmdastjóri skal eins fljótt og kostur er tilkynna umsækjanda/starfsmanni skriflega hvort hann hafi staðist hæfismat og geti talist lykilstarfsmaður. Hafi viðkomandi ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu á þeim lögum og reglum sem til umfjöllunar voru í hæfismatinu, skal gefa honum kost á því að endurtaka matið innan fjögurra vikna frá því að niðurstaða lá fyrir. Hafni viðkomandi því að endurtaka matið eða standist hann það ekki, telst hann ekki hæfur til að gegna lykilstarfi hjá félaginu.

8. Gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar skal endurskoða hvenær sem tilefni þykir til og jafnan árlega. Reglurnar taka gildi við undirritun stjórnar. Reglurnar skulu birtar á heimasíðu félagsins, www.summa.is

Hæfismat lykilstarfsmanna sem eru í starfi við gildistöku reglna þessara skal staðfest innan 3 mánaða frá gildistöku þeirra.

20. júní 2024

Stjórn Summu Rekstrarfélags hf.